

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 154/2009

frá 4. desember 2009

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2009 frá 22. október 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 646/2009 frá 23. júlí 2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar skrá fyrir árið 2010 yfir aukamarkbreytur um samnýtingu á fjármagni innan heimila ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 707/2009 frá 5. ágúst 2009 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 184/2005 um hagskýrslur Bandalagsins að því er varðar greiðslujöfnuð, þjónustuviðskipti við útlönd og beina, erlenda fjárfestingu, að því er varðar uppfærslu á kröfum um gögn ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2009/498/EB frá 23. júní 2009 um viðmiðunarlýsigögn fyrir evrópska hagskýrslukerfið ⁽⁴⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XXI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 18x (reglugerð ráðsins (EB) nr. 362/2008):
„18xa. **32009 R 0646**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 646/2009 frá 23. júlí 2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar skrá fyrir árið 2010 yfir aukamarkbreytur um samnýtingu á fjármagni innan heimila (Stjtið. ESB L 192, 24.7.2009, bls. 3).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 19s (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 184/2005):
„– **32009 R 0707**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 707/2009 frá 5. ágúst 2009 (Stjtið. ESB L 204, 6.8.2009, bls. 3).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 334, 17.12.2009, bls. 15, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 68, 17.12.2009, bls. 15.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 192, 24.7.2009, bls. 3.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 204, 6.8.2009, bls. 3.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 168, 30.6.2009, bls. 50.

3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 17c (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar COM(2005) 217):

„17d. **32009 H 0498**: Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2009/498/EB frá 23. júní 2009 um viðmiðunarlýsigögn fyrir evrópska hagskýrslukerfið (Stjtíð. ESB L 168, 30.6.2009, bls. 50).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 646/2009 og 707/2009 og tilmæla 2009/498/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. desember 2009, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 4. desember 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
O.H. Sletnes
formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.